

Lilja Sigurðardóttir

11. janúar 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir; Halla Kristín Einarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Digital 4K

© Krumma films ehf.

914-2322 Apple ProRes 422

Titluð, já, ég þarf að hafa titil. Sko Lilja Sigurðardóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtakanna '78, rithöfundur. Já. Er það ekki fínt?

Daginn sem ég fæddist varð ég lesbía. Nei, ég kom á vettvang Samtakanna þegar ég var, ætli ég hafi ekki verið sextán – sautján ára.

Þá voru Samtökin á Lindargötunni. Litla gula húsinu á Lindargötu. Og ég kom þarna á opið hús. Og þar sem að sem sagt maður hafði heyrt svona auglýsingar frá Samtökunum '78 og heyrt alls konar sögur að þetta væri svona eins og furðulegur sértrúarsöfnuður og eins og einhver vinur minn sagði sko að hann sæi í anda að það væru allir að dansa allsberir í kringum jólatré en svo var þetta bara ekkert í þá líkingu sem voru auðvitað létt blanda af vonbrigðum og feginleika en... Já, ég kom ung þarna á vettvang og sko það voru ekkert rosa margir unglingar í Samtökunum á þeim tíma. Það var ekkert voðalega mikið af svona ungu gay fólki eða trans eins og er í dag. Þannig að við svona héldum aðeins hópinn þessar fáu sálir sem voru en samt sem áður fór maður voða hratt og óvænt kannski svona inn í fullorðinssamfélag sem að var kannski ekki endilega ofsalega þroskað á þeim tíma. Og maður veit eiginlega ekki alveg hvort maður á að segja það í kvikmynd, en svona fyrstu árin þá vaknaði ég oft á óvæntum stað. Og þannig var þetta svolítið. Það var dálítið mikill lifnaður og mikið djamm og það var kannski eftirá að hyggja ekkert ofsalega hollt fyrir unga manneskju að koma inn í þetta samfélag. Og þótt það væri um leið svo frábærlega dásamlegt. Og það í raun og veru svona bjargaði mér á ákveðinn hátt vegna þess að þarna var líka svo fallegt og gott fullorðið fólk sem að tók svona svolitla ábyrgð á þessu, þessum ungmennum sem að komu þarna svolítið vegavillt og í vandræðum með sjálf sig. Og já, ég hélt dálítið mikið til í Samtökunum svona þessi fyrstu ár sko bara í leit að einhvern veginn félagsskap og stuðningi. Og það var mjög frábært.

Já mikið af þessu fólki sem var þarna starfandi, þetta var náttúrlega ekki stórt samfélag sko. Ég held að lesbíurnar hafi kannski verið svona, ja ég veit það ekki, 70 eða eitthvað í mesta lagi svona sem að voru eitthvað að, á vettvangi og komu þegar voru dansiböll og svoleiðis.

Sem störfuðu aktíft í Samtökunum voru, ja ég veit það ekki kannski tuttugu manns sem að gerðu eiginlega allt þarna og það var svona um leið og kom einhver viljugur sem að vildi leggja eitthvað af mörkum þá var hann strax gripinn inn í einhver verkefni til þess að gera eitthvert gagn og það var að mörgu leyti svolítið sniðugt og gott. Við stofnuðum ungliðahreyfingu eða hvort það var nýbúið að stofna hana þegar ég kom, ég man það ekki, það voru þessar örfáu hræður. Við vorum með ýmislegt, jólaföndur og svona félagsstarf fyrir unga fólkið. Og svo náttúrulega greip Þorvaldur mig inn í stjórn þannig að ég sat alltaf í stjórn þegar Þorvaldur var í stjórn og reyndi að gera eitthvað gagn, ekki það að ég vissi endilega hvað það var að vera í stjórn. Ég hafði aldrei verið í stjórn í neinu félagi. Og svo var það náttúrulega kaffivaktirnar, afgreiða kaffi og í félagsmiðstöðinni og bókasafnið uppi. Það var mjög merkilegt og flott bókasafn þarna sem hafði síðan svona dularfulla undirmálsstarfsemi sem að voru klámspólur fyrir hommana, því þetta var náttúrulega fyrir tíma Netflixins og það var ekkert erótískt efni fyrir homma að hafa nema í útlöndum. Þannig að það var svona smá klúbbur sem að rak þarna svona kassa sem var undir borði og þar sem þeir komu og býttuðu og leigðu spólur. Og það var svolítið skondin menning í kringum þennan klámmyndakassa því að þarna, í klámmyndakassann komu menn sem að voru ekkert á vettvangi Samtakanna sko. Þeir komu kannski svona inn með hettuna og tvívafinn plastpoka utan um spóluna, skilurðu, tóku aðra og forðuðu sér út og töluðu ekki við nokkurn mann. Þannig að þetta var kannski þeirra eina nálgun á þann veruleika að vera hommi. Það var að sjá þú veist, vikulega klámspólu. Sem að var, svona í nútímanum eftir á að hyggja, nett sorglegt en samt frábært að það hafði þó alla vega verið það til. Þannig að Samtökin voru á þessum tíma að reyna voðalega mikið að mæta þörfum allra, alls hinsegin fólks með allt án þess í rauninni að hafa nokkrar forsendur til þess að geta það með þennan mannafla og forsendur sem að voru fyrir hendi. Þetta var félagslegur vettvangur, það var staðið fyrir skemmtunum, það var reynt að standa fyrir einhverju menningarstarfi, það var bókasafn, svo var réttindabaráttan náttúrulega og bara öll misréttismálin. Að hjálpa fólki sem var að glíma við vandræði, í vinnunni, varðandi húsnæði, forsjá barnanna sinna guð má vita hvað. Samtökin voru í þessu að veita stuðning og svona móralskan stuðning og pepp og líka útvega aðstoð sem þurfti. Sérfræðiaðstoð, lögfræðinga og svo framvegis. Og þetta var býsna mikil verkefni oft á tíðum. Síðan var náttúrulega þessi formlega

réttindabarátta sem að var unnin kannski svona svolítið bak við tjöldin. Það var verið að dila við stjórnámamenn og ýta einhverjum smámálum í rétta átt og svo var náttúrulega, síðan fór nefndin góða í gang sem fór síðan að undirbúa réttarbætur, kanna stöðu samkynhneigðra með formlegum hætti, sem að varð síðan grunnurinn að allri okkar réttarbót. En síðan var það náttúrulega alnæmisvarnirnar, að reyna að auglýsa og agitera fyrir öruggu kynlífi innan félags sem sagt að reyna að hafa áhrif á hommana, mennta þá og prómótera öruggt kynlíf og smokkanotkun. Og útvega smokka. Landlæknisembættið borgaði smokka til þess að dreifa í félagsmiðstöðinni og eitthvað fyrirtæki sem flutti inn smokkana sem sagt gaf okkur afslátt líka, ég man að þetta var svona eitt af stjórnarstörfunum að fara og kaupa smokka, eða sækja smokkakassana og koma því í dreifingu. Og síðan, hvað á ég að segja, það var bara svo margt sem Samtökin gerðu. Og svo var náttúrulega ráðgjafarþjónusta sem var auðvitað ekki ráðgjafarþjónusta heldur bara sjálfboðaliðar að svara í símann til þess að spjalla við fólk sem hringdi og vildi ræða um tilfinningar sínar eða þurfti einhverja hjálp. Og það var verkefni sem að var mjög mikilvægt og mjög erfitt oft á tíðum því að það var svo miki af fólki sem að leið illa og þurfti stuðning. Og samtökin höfðu í raun og veru, það voru engir menntaðir ráðgjafar þá. Þetta var bara, leikmenn og það eina sem maður gat gert var að tala af sinni eigin reynslu og reyna svo bara að peppa fólk upp og segja því að lífið væri ekki eins erfitt og að viðmælandinn hélt að það væri. Sem að var náttúrulega oft á tíðum lygi því það var oft mjög erfitt, líka fyrir fólkið sem var komið úr felum.

Já, já, það voru náttúrulega sko, hvað eigum við að segja. Fyrstu böllin sem ég fór á, ég man, þetta er bara allt í þoku [*hlær*]. En já, það náttúrulega dansleikir voru alveg ægilega stórt mál og mikilvægir vegna þess að það var svo algengt að okkur væri hent út af skemmtistöðum. Og það, ég lenti í því alla vega tvisvar, annars vegar á matsölustað og hins vegar bara af svona bar, skemmtistað. Það bara: „má ég biðja þig að gjöra svo vel að yfirgefa svæðið, bara viljum ekki hafa svona fólk hérna inni.“ Og þetta var náttúrulega, og bara hommarnir áttu oft mjög erfitt með að finna einhvern svona vettvang til að vera á. Það urðu svona vinsælir staðir þar sem var einhvers konar, umburðarlyndi þar sem fólk mátti vera þannig að þá fór fólk að halda til þar en böllin voru náttúrulega rosa mikilvæg vegna þess þetta varð svona eins og ættarmót og þar gat fólk verið það sjálft án þess að vera

eiginlega, hvað eigum við að segja, innan um annan almenning þannig að á böllin hjá samtökunum mætti oft fólk sem að aldrei hefði farið á einhvern skemmtistað til að hitta aðrar lesbíur og homma þannig að það var oft svona spennandi og skemmtilegt á böllunum og svo kom einhver nýr og það var bara svona, „Hver er þetta?“ Og það var svona [hlær], alltaf mikil gleði að sjá nýtt andlit og svo var svona fólk sem kom bara á böll og sem var þá alltaf líka gaman að hitta. Og það var oft mikið lagt í þetta því það voru svona heimagerð skemmtiatriði, þetta var oft svona eins og árshátíð í litlu þorpi úti á landi. Þú veist, allir eiginlega þekktu alla þannig að það var hægt að gera grín og þetta var svona oft á tíðum skemmtilegt en svo náttúrulega var staðan á mannskapnum líka stundum þannig að það var svona drukkið úr hófi og stöku sinnum brutust út slagsmál sko, þannig að þetta var svona líka drama. En ég á bara góðar minningar og þetta var oft ansi skemmtilegt og eitthvað sem að maður svona saknar eftir á að hyggja, þessi stemming.

Já. Ertu ekki að meina þegar lesbíurnar tóku Svanavatnið? Jú, Jesús minn það var ægilega gaman. Það var óborganlegt. Já svoleiðis viðburðir, þetta var eitthvað sem að var ægilega gaman og fólk lifði á lengi sko. Þetta var gaman líka þú veist að, allur undirbúningur og allt fyrir svona mál varð eitthvað svo stórt dæmi sem var eftir á að hyggja því það var náttúrulega svo lítið í boði. Eitthvað sem að engum þætti í sjálfu sér eitthvað merkilegt í dag en var það fyrir okkur

Ég held að mjög margt gay fólk, lesbíur og hommar á þeim tíma hafi notað áfengi sem kvíðastillandi lyf. Og áfengisneyslan að því leyti þjónað allt öðrum tilgangi hjá okkur heldur en svona venjulegu fólki. Þetta var ekki bara til að gera sér dagamun heldur bara hreinlega til þess að, já, fá sér kjark og einhvern veginn, bara til að slá á vanlíðan líka. Og þess sá ansi hressileg merki á samfélaginu því miður.

Það var sem sagt svo mikið af fólki sem gekk vel kannski í samfélaginu, af þessu gay fólki sem gekk vel í samfélaginu það var, það forðaðist jafnvel vettvang Samtakanna. Vegna þess að það var kannski bara að sinna sínum málum í sínu fagi úti í bæ og vildi ekkert allt of mikið hafa þennan stimpil á sér. Þannig að þeir sem voru kannski mjög aktívir á vettvangi Samtakanna, og þá er ég alls ekki að segja allir, en margir var fólk sem að hafði engu að

tapa. Þetta var kannski fólk, mikið af ungu fólki sem var ekki búíð að byggja sér upp eitthvað líf eða einhvern karríer og svo kannski fólk sem að var, nei ég get ekki sagt þetta [hlær].

Já það var mikil neysla í gangi og það var, maður sá þetta mikið hjá hommunum að þeir þurftu að drekka í sig kjark til þess að hafa þor í að nálgast aðra karlmenn og til að nálgast líka bara vinskapa og félagsskap sinna líka og það sama gildi með lesbíurnar. Það var ansi mikið djamm og það var auðvitað líka svona skemmtilegt félagslíf í kringum það en oft á tíðum var þetta líka svona einum of. Og stundum þegar ég hugsa til baka þá finnst mér eins og þú veist, hommarnir hafi á þessum tíma verið deyjandi úr Alnæmi og lesbíurnar alltaf blindfullar og allt transfólkið að reyna að drepa sig. Þú veist, þetta var bara svona, erfiður tími. En auðvitað var það ekki alveg svo slæmt sko, alls ekki. En, þetta til dæmis fáa transfólk sem kom á vettvang átti mjög erfitt líf. Lesbíurnar margar sem höfðu kannski átt fyrra líf þær voru í baráttu með að halda börnunum sínum. Hommarnir að glíma við margir hverjir rosalega mikil veikindi. Þannig að svona, þetta var allt svona, ég veit það ekki, það var alltaf einhver sorglegur undirtónn í gleðinni. Og þess vegna held ég að við höldum öll svona mikið upp á ABBA. Af því að ef maður hlustar á ABBA þá er þetta svona rosalega glaðleg lög við rosalega sorglega texta. Og þannig einhvern veginn var samtakalífið svolítið og þetta gay líf á Íslandi á þessum tíma. Rosalega jolly og hresst á yfirborðinu og oft mjög gaman en einhver svona mjög dapurlegur og dramatískur undirtónn, undir lífi fólks.

Ég var ekki svo mikið inni í þessari pólitík sem að var en ég veit að það var mikil bakgrunnsvinna unnin þarna árin á undan. Svo þegar Magga Pála kom sem formaður Samtakanna þá kom hún inn svolítið svona á skjön við það sem hafði verið í Samtökunum og á þann hátt að hún kemur rosalega seint úr felum þannig, og var bara vön sem sagt, hún var vön öðruvísi lífi. Hún var búin að byggja sér upp starfsferil og vinalóp og svo framvegis. Þannig að hún kom inn á vettvanginn með svona óskerta sjálfsvirðingu og svona svolítið attitude. Og með það að sko við samkynhneigt fólk ættum bara skilin full réttindi og engan afslátt. Og það kom pinkulítið, við vorum nú sambýliskonur á þessum tíma en svona, þessi harða nálgun á þetta var samt pinku sjokkerandi vegna þess að, meira að segja

fyrir mig vegna þess að maður var einhvern veginn alltaf í þessum fasa að vera að afsaka sig. Og vera einhvern veginn alltaf svona, „Já, já, það væri náttúrulega bara fínt ef við gætum fengið einhver réttindi. Takk“. En hún kom hins vegar inn með þetta bara, „Full réttindi, full mannréttindi fyrir lesbiur og homma, takk!“. Og auðvitað var búið að byggja þá línu svona baksviðs í langan tíma en Magga Pála tók þetta einhvern veginn út á við. Og hún lagði mikið í það um leið og hún varð formaður að tala við bæði samtakafólkið sjálft og peppa það upp í að það ætti bara að vera frekt. Og ætti að fara fram á full réttindi og einhvern veginn fór sú orðræða að skila sér líka út í samfélagið. Og ég held að þetta hafi verið svolítið ákveðin breyting í stefnumálum, ég veit ekki, eða ekki ákveðin breyting í stefnumálum, þetta eru sömu stefnumálin en ákveðin breyting í svona nálgun á samfélagið. Að vera ekki að vinna svona mikið baksviðs og í gegnum einhverja channela heldur bara beint út. Og kannski var það af því að það var kominn tími á það skiljiði, stundum er það ekki einhver manneskja sem hrindir einhverju af stað, stundum er það bara að tíminn krefst einhvers. Og hún náttúrulega kom vön félagsstarfi, vön pólitík og svo framvegis, þannig að hún kom einhvern veginn alveg á réttum tíma fyrir Samtökin til þess að fara að keyra grunnvinnuna sem var búið að vinna í gang og einhvern veginn kynna hana út á við. Og hún, við vorum sem sagt sambýliskonur og hún réði mig sem framkvæmdastjóra Samtakanna sem að var nú kannski eins gott því annars hefðum við trúlega ekki hist mikið næstu árin, því að það var svo ofboðsleg vinna, þessi ár '94 - '97 og það voru svo mörg verk sem að þurfti að vinna og svo ofboðslega fáar hendur. Og það var á þessum tíma, stjórnin sem tók þarna við með Möggu Pálu, þau lögðu rosalega mikla áherslu á PR vinnu, sem sagt svona skilaboð til samfélagsins að koma baráttumálunum út á við og um leið að virkja samtakafólk til að opna á sig og sitt líf líka. Og það voru þarna alveg svona raðviðtöl í útvörpum um fólk við, um líf sitt og við vorum endalaust að útvega fólk í viðtöl bara til að segja frá lífi sínu og við vorum heima hjá okkur bara að sýna kettina okkar og svona að við værum ekki vampýrur á kvöldin, við værum bara venjulegt fólk sem að eldaði kvöldmat og það er svona einkennilegt til þess að hugsa en þetta var raunverulega það sem þurfti þá, að sýna fólki að við værum venjulegt fólk og það væri ekkert hættulegt þótt við hefðum sömu réttindi og annað venjulegt fólk.

914-2323 Apple ProRes 422

Það var ofsalega mikil opnun síðan á þessum tíma þarna upp úr '90 og það má segja náttúrulega að alnæmið á ákveðinn setti bara samkynhneigt fólk í sviðsljósið, einhvern veginn og beindi ákveðnu kastljósi að okkur og það einhvern veginn varð líka jákvætt á svo margan hátt að allt í einu fór fólk að hafa bara áhuga á lífi okkar og það var gott. Og síðan, því fylgdi að það fór að koma þjónusta við okkur eins og til dæmis skemmtanalífið sem að skipti mjög miklu máli. Og þannig að það fóru skemmtistaðir að opna fyrir okkur og gefa sig út fyrir að vera gay skemmtistaðir og það var rosa skemmtilegt, og vel sótt almennt. Eins og það voru náttúrulega 22, efri hæðin og síðan var Moulin Rouge sem að var mjög skemmtilegt tímabil því að það var afskaplega metnaðarfullir skemmtanastjórar sem stóðu fyrir mjög flottum drag-showum og svo diskó á eftir og þetta voru frumsamin show og það var kannski bara nýr kabarett hverja helgi. Og bara geggjað og fjöldi manns sem að kom hverja helgi að skemmta sér og dansa.

Já og þessu fylgdi náttúrulega sko, þetta var mikil hommamenning öll þessi dragshow og þetta en svo var alltaf lesbíumenning á jaðrinum þótt þær væru miklu, miklu færri. Það var mikið af svona alls konar skrautlegum undan- og eftirpartíum og þar sem að var mikið um gítarleik og söng og svona, hvað eigum við að segja, þjóðhátíðarstemming mikil í gangi, og það var skemmtilegt. Minnir mig.

Stella Hauks náttúrulega, mikill stuðbolti og ef að það væri gerð rannsókn á því hversu hátt hlutfall af lesbíum spilar á kassagítar, þá kæmu áhugaverðar niðurstöður. Það er gaman. Þess vegna var svona skemmtilegt í partíum hjá okkur [hlær].

[Um Möggu Pálu]

Já, hún kom inn með svona annað attitude en hafði verið, svona aðrar áherslur heldur en höfðu verið. Og það virkaði kannski pinkulítið sjokkerandi á suma en þetta var um leið svo stórkostlegur tími vegna þess að hennar áhersla var á að taka umræðuna svolítið út í samfélagið og ég held hún hafi farið í skrilljón fjölmiðlaviðtöl á þessum tíma og bara í því skyni að reyna að fræða fólk og bara svona hamra á ákveðnum hugtökum, þetta væru



mannréttindi og að þetta snerist um tilfinningafrelsi en að þetta snerist ekki um að við vildum endalaust vera að tala um okkar kynlíf eins og margir einhvern veginn sáu það fyrir sér að þetta snerist um heldur að þetta snerist um réttindi og okkar meðfæddu réttindi sem íslenskir samfélagsþegnar. Réttindi sem að hefðu síðan verið tekin af okkur þegar kom í ljós að við værum lesbíur eða hommar. Og það var einhvern veginn svona grunnhugsunin sem að hún lagði upp með, að við værum að endurheimta réttindi sem hefðu, sem við hefðum verið svipt. Og sú hugsun í sjálfu sér var einhvern veginn valdeflandi. Og það var ýmislegt gert, við, sko Samtökin fóru í, ég segi ekki Gay Pride göngu en svona, gleðigöngu sem var samt eiginlega svolítil kröfuganga. Og ég held að í fyrra skiptið sem að þetta var gert hafi verið, höfum við náð að vera 67 eitthvað svoleiðis þegar við töldum eitt barn og einn hund til þess að fjölga sálunum. Og einn góður félagi okkar mætti í gönguna bókstaflega með lambhúshettu af því að hann vildi ekki þekkjast og þorði því ekki vegna vinnunnar sinnar en hann kom í gönguna til þess að sýna samstöðu og vera með en var með lambhúshettu. Og við vorum með samt pall og eina dragdrottningu á palli og drógum þetta niður Laugavegin og með blöðrur og fána og einhver skilti og svona. Og þær fáu hræður sem að voru á Laugaveginum, sumir svona veifuðu og brostu en fjöldi manns sneri sér bara undan og horfði inn í búðargluggana því að þau fóru svo hjá sér. Fyrir okkar hönd. Og það er svolítið magnað þegar maður hugsar um það því að örfáum árum síðar var Gay Pride ganga með þúsundum manna sem að komu til að sýna okkur stuðning. Ótrúlegt.

914-2324 Apple ProRes 422

Það var náttúrulega á þeim tíma sko, var þetta stórmál að koma úr felum og fólk sá fram á að ef að það myndi gera það þá þyrfti það að fórna einhverju. Og jafnvel fórna ferlinum sínum, starfsferli og svo framvegis. Og þar af leiðandi var mikið af fólki sem fannst það hafa miklu að tapa, sem að bara þorði ekkert að koma úr felum jafnvel þótt það væri lifandi lífi sínu sem lesbíur eða hommar jafnvel. Og þetta var svo erfitt vegna þess að akkúrat á þessum tíma, '90 til 2000, '90 til '95 kannski, hefðum við svo mikið þurft á því að halda að fá einhver sterk og stór nöfn með okkur í baráttuna, eitthvert fólk sem að samfélagið þekkti úr öðru samhengi sem hefði verið til í að koma og segja, já ég er þetta og þetta og þetta, búin að gera þetta og þetta og þetta og afreka eitthvað í lífinu og ég er lesbía. Eða og

ég er hommi. En svo á móti kemur að maður, við, sko maður skildi þetta líka. Og ég var alltaf á þeirri línu, sko sumir voru mjög reiðir og vildu helst bara outa fólk sem var nú svona tíska í Ameríku á ákveðnu tímabili. Það var aldrei farið út í það á Íslandi sem betur fer, en ég var alltaf á þeirri línu að ég skildi þetta líka ósköp vel því að fólk var bara hrætt og það var ástæða til þess að vera hrætt. Og eins og það hefði verið gott að fá þarna ákveðin nöfn með okkur í baráttuna, þá átti það síðan eftir að koma í ljós að kannski var alveg ástæða fyrir þau að vera í felum og það átti eftir að koma sér vel síðar eins og með forsætisráðherrann okkar fyrrverandi. Mikið hefði verið gott ef hún hefði getað lagt okkur lið fyrr en á móti kom, ef hún hefði gert það hefði hún trúlega aldrei orðið forsætisráðherra. Þannig að þegar hún kom úr felum þá var það öllum heiminum til gagns vegna þess að hún varð auðvitað fyrirmynd fyrir svo marga. Bara að lesbísk kona gæti náð þessum árangri í lífinu að verða forsætisráðherra í landi. Og varð fyrst til þess. Þannig að, svona einhvern veginn eftir á að hyggja þá sér maður auðvitað að bara allt gerðist í þeirri röð sem það átti að gerast einhvern veginn. Allt varð eins og það átti að vera. En mikið hefðum við gefið fyrir eitthvað af þessu svona þekktu fólki á Íslandi sem að var búíð að átta sig á því sjálfst að það var gay en þorði ekki að láta vita af því opinberlega, það hefði verið gott á þessum tíma að fá fleiri nöfn. Ekki það, það voru alveg þó nokkrir sem að gerðu það og til dæmis Páll Óskar gerði það bara eiginlega strax og hann var búinn að átta sig á því sjálfur að hann væri hommi þá fór hann að leggja baráttunni lið og tókst samt sem áður að byggja sér upp tónlistarferil sem að var í raun og veru þá stórmerkilegt.

Palli er náttúrlega svona wonderperson. Við vorum saman í menntó og hann, sem sagt, þetta hæfileikabúnt sem hann var í leiklist og tónlist. Hann kom úr felum í skólanum og náttúrlega gerði það á sinn grand máta, hann hélt bara fund og tilkynnti þetta og svaraði spurningum og þetta var bara eins og sýning. Glæsilegt og það breytti hugarfari margra í skólanum sem að var hið besta mál og síðan var hann í skólasýningunni Rocky Horror í MH og svo var hann sko alveg leiðandi afl í drag-showum næstu árin sem að urðu rosa vinsæl og mikið af straight fólki kom líka til þess að horfa á og þetta, og þar af leiðandi varð kannski menningin okkar eða menning sem að hafði verið underground varð allt í einu svolítið svona tískuleg og flott og fólk fór að hafa gaman af. Og það var svo einhvern veginn fallett því að það jók líka svo sjálfstraustið hjá hinsegin fólkinu, að við hefðum

eithvað að gefa sem allir gætu haft gaman af og eitthvað sem gæti auðgað allt samfélagið. Við sko sem menning, sem kúltúr. Og það var bara einn að þessum fjölmörgu þáttum sem að höfðu áhrif til góðs á tilveru okkar og baráttu á Íslandi. Og náttúrulega baráttan, mannréttindabarátta hinsegin fólks eða gay, samkynhneigðra á Íslandi gekk svo mikið út á það að fólk kom úr felum með sitt persónulega líf, hver á sínum stað, sínum vinnustað, sínum skóla, sínu fjölbýlishúsi og svo framvegis, sinni fjölskyldu og lifði lífi sínu opið. Þannig vannst þetta. Það skiptir í sjálfu sér kannski ekki alveg máli hver var formaður Samtakanna eða hvað Samtökin '78 gerðu eða hvað löggjafinn gerði akkúrat á þeim tíma, þetta voru svona hundrað litlir atburðir í lífi fólks hér og þar sem að voru það sem raunverulega breytti. En auðvitað höfðu Samtökin það hlutverk að hvetja fólk til dáða líka að takast á hver og einn við sinn veruleika og virkuðu þannig séð sem svona stuðningsbatterí og hópefli fyrir það.

Daginn sem að löggjöf um, lög um staðfesta samvist tóku gildi, að í minningunni minni er það bara dagur sem breytti öllu. Og það er svo skrítið að segja það því þetta eru bara einhver lög á Alþingi og hvaða áhrif hefur það á líf þitt en það gerði það, vegna þess að þetta breytti svo viðhorfi fólks til okkar. Alls almennings. Eldra fólks sérstaklega sem að tekur mikið mark á löggjafanum. Það var eins og þetta væri svona opinber viðurkenning á því, „Já, íslenska ríkið viðurkennir tilvist ykkar og samþykkir hana. Samþykkir tilvist ykkar“. Og þetta var náttúrulega æðislegur dagur, það var byrjað á einhverju svona, á miðnætti kvöldið áður, þetta var 26. júní, kvöldið 26. júní þá vorum við með svona litla stund í Fríkirkjunni á miðnætti þegar lög in tóku gildi. Og þetta byrjaði örugglega hálf tólf og var búið rétt eftir tólf, og það voru margir sem lýstu því þannig að það fór inn í kirkjuna og kom svo út aftur í bara nýjan heim. Og þannig var tilfinning svo margra, að við værum allt í einu orðin fólk sem værum, hefðum tilvistarrétt í íslensku samfélagi. Og svo bara dagurinn eftir, auðvitað tók við alveg svaka havarí og þetta var dásamlegt að labba um bæinn vegna þess að það voru bara fjöldi manns sem að sagði bara til hamingju, til hamingju og veitingastaðirnir niðri í bæ voru bara með kampavín á boðstólum fyrir gay fólk og þú veist, alls staðar þar sem maður kom, það var svo mikill fögnuður og fólk samgladdist okkur svo innilega. Og það var alveg dásamleg tilfinning. Og svo var móttaka í Borgarleikhúsinu, stór og flott móttaka þar sem að Vigdís Finnbogadóttir kom sem var held ég fyrsti þjóðhöfðinginn til

að mæta á einhvers konar samkomu hjá hinsegin fólki. Og það var sko, þetta var mikil vinna og undirbúningur. Ég var úti að hjálpa blómaskreytingarmanninum okkar að festa upp einhverja svona ægilega fína blómakransa til þess að skreyta Borgarleikhúsið. Þetta var allt svo fallegt og svo voru sko tvö brúðkaup sem að, það voru náttúrlega slatti af brúðkaupum eða staðfestum samvistum þennan dag, en það voru svona tvö pör sem að tóku þátt í því með okkur að vera eiginlega, vera hvað eigum við að segja, brúðkaupið sitt pinku opinbert þarna og koma í Borgarleikhúsið á eftir og fagna með okkur, skera brúðkaupstertu og svoleiðis. Til þess að vera með svona táknrænan einhvern veginn viðburð fyrir þetta. Og það var náttúrlega allt á fullu gasi og samstjórnarkona, eða samstarfskona okkar ein sem að var í stjórninni, Klara Bjartmars hún, sem sagt það var skipt niður svona verkum og Matti átti að taka á móti forsetanum þegar hún kæmi og Klara átti að sjá um alla fjölmiðlana og það kom pinku svona flatt upp á hana allt í einu þannig að hún skaust heim í hádeginu og sagði foreldrum sínum frá því að hún væri lesbía og svo kom hún niður í Borgarleikhús og var í beinni útsendingu. Þetta var allt svona létt heitískt en svo var bara Borgarleikhúsið fullt af fólki sem var að samfagna með okkur og samtakafólkið, gay fólki, þetta var bara dásamleg stund og eiginlega eitthvað sem er einhvern veginn ekki hægt að lýsa fyrir þeim sem ekki voru viðstaddir þarna. Þetta var svo hátíðlegt og flott.

Þetta er svolítið sko sérstakt þegar maður hugsar um það að við lesbíur og hommar, ég er nú búin að heita allskonar nöfnum þú veist, kynhverf og kynvillt og samkynhneigð og þú veist öll þessi orð sem er alltaf verið að búa til til að reyna að finna eitthvað settlegra einhvern veginn, yfir, til að lýsa tilveru minni. En þessi orð, lesbía og hommi, við börðumst svo fyrir því að nota þessi orð og snúa þeim úr skammaryrðum yfir í eitthvað jákvætt þannig að þau eru fyrir svo marga svo mikils virði, sem lýsing á sjálfsmynd. Og svo er svo skrítið að upplifa það á ekki lengri ævi en þetta að þessi orð séu aftur orðin hálfgerð skammaryrði. Að þau lýsa þá orðið sjálfsmynd sem sagt okkar fólks af þessari, ég veit ekki hvað ég á að segja, þessari kynslóð sem að yngra hinsegin fólkinu finnst orðin á einhvern hátt skammarleg. Og það er pinku sérstakt að upplifa. En það er náttúrlega eins og lífið er. Þetta eru líka tískur sko hvaða orð og hvaða einhvern veginn skilgreiningar fólk notar yfir sjálf sig og það er ekkert í fyrsta skipti sem að svo sem konur sem að sofa hjá öðrum konum vilja ekki kalla sig lesbíur. Það er alveg, hefur oft gerst áður. Sumar konur sváfu hjá öðrum

konum af pólitískum ástæðum einu sinni og sumar bara út af eintómum feminisma og sumar bara af því að þær höfðu orðið bara fyrir svo mikilli ástarsorg af völdum karlmanns og sumar bara af því að þær rugluðust bara aðeins á fyllerí [hlær], og ótal öðrum orsökum sko. En já. Það skiptir máli fyrir mig að kalla mig lesbú vegna þess að ég vil ekki skilgreina mig út frá læknisfræðiheiti, samkynhneigð, af því þessi sjálfsmynd snýst ekki bara um kynhneigð mína, hún snýst um svo miklu, miklu stærri hluta af mér. Þannig að mér finnst einhvern veginn, ég er svo stolt að kalla sjálfa mig lesbú því þetta er sögulegt og menningarlegt og svona ljóðrænt nafn einhvern veginn. Já.